Freyvangsleikhúsið

BANGSÍMON OG GRÍSLÍNGUR Í JÓLASVEINALEIT



Bústólpi

Bangsímon og Gríslingur

Bangsímon og Gríslingur í jólasveinaleit er frumsamið verk eftir Jóhönnu S. Ingólfsdóttur.
Verkið byggir á þeim ástsælu Bangsímon og Gríslingi eftir A.A.Milne, sem Disney gerðu síðar ódauðlega, og blandast saman við klassískar Íslenskar verur sem allir þekkja.

Bangsímon og Gríslingur eru komnir alla leið til Íslands til þess að finna Íslensku jólasveinana, þeir höfðu frétt af því að á Íslandi væru hvorki meira né minna en 13 jólasveinar.

Þegar sagan hefst þá eru þeir staddir í kofa á Íslandi og ætla að leggja af stað upp á fjall til þess að vita hvort þeir geti ekki fengið að hitta jólasveinana.
Ferðin gengur upp og ofan hjá þeim, en þeir hitta hinar ýmsu verur á leiðinni, eins og við er að búast upp á Íslenskum fjöllum.
Þeir halda þó ótrauðir áfram og reyna eftir fremsta megni að halda í trúnna á að þeim takist ætlunarverk sitt og með óbilandi trú á sjálfan sig sem og á hvorn annan.

Tónlistin í verkinu er samin af Eiríki Bóassyni sérstaklega fyrir sýninguna og er hún létt og skemmtileg með bæði frumsömdum textum sem og vísum frá Jóhannesi úr Kötlum.

Leikstjórn er í höndum Jóhönnu S. Ingólfsdóttur en er þetta í annað sinn sem hún leikstýrir stuttu barnaverki hjá Freyvangsleikhúsinu en hún leikstýrði einnig Karíus og Baktus fyrir jólin í fyrra.

Verkið er einungis rúmur klukkutími að lengd, með hléi, og er því tilvalið fyrir yngstu kynslóðina.

Jóhanna Ingólfsd.



Kæri leikhúsgestur velkominn í Freyvangsleikhúsið.
Það er með gríðarlegu þakklæti sem ég skrifa þetta til þín.
Eftir frábæra aðventusýningu í fyrra, Karíus og Baktus, þá ákváðum við að hafa aftur aðventusýningu fyrir þessi jól. Stjórn Freyvangsleikhússins treysti mér fyrir því að leikstýra aftur stuttu barnaverki og vorum við sammála um að hafa það jólaverk.
Eftir mikla leit og spegúleringar þá voru þeir félagar í Bangsímon mest spennandi en svo reyndist ekki vera til jólaverk með þeim félögum. Ég settist því niður og skrifaði út söguna Bangsímon og Gríslingur í jólasveinaleit, bar það undir stjórnina og var ákveðið að slá til og skella þeim á svið.
Þetta ferli er búið að vera ákaflega lærdómsríkt, viðburðaríkt og umfram allt stórkostlega skemmtilegt. Eins og ávallt í leikhúsinu þá er stór hópur af frábæru fólki sem stendur á bakvið sýninguna.
Það er unnið mikið þrekvirki að setja sýningu á svið og væri það ekki hægt án allra þeirra sem vinna að umgjörðinni.
Það er með mínu innilegasta þakklæti fyrir að fá að vera partur af því að skapa töfrana í leikhúsinu, sem ég óska þér góðrar skemmtunar.

Jóhanna S. Ingólfsdóttir
Formaður Freyvangsleikhússins, höfundur og leikstjóri.

Bangsímon og Grislingur eru hérna saman
Trallalalala
Ég og þú við höfum rosa gaman
Trallalalala
húsið skreytum og tré'ð bjarta
Trallalalala
gleði er í okkar hjarta
Trallalala

Komum til Íslands að finna jólasveina
Trallalalala
Við erum kátir að láta á það reyna
Trallalala
Sjáum hvernig okkur gengur
Trallalalala
Kannski verður happa fengur
Trallalalala





Leggjum við af stað í lítið ferðalag
Trallalalala
göngum saman tveir í allan dag
Trallalala
leitum uppi sveina káta
Trallalala
hvar þeir búa er ráðgáta
Trallalalala

13 sveinar leynast hér í fjöllum
Trallalalala
við finnum þá kannski með hrópum og köllum
Trallalalala
leitum bak við stokk og steina
Trallalalala
gerum okkar besta ávallt að reyna
Trallalalala

B: Ég er vinur þinn, G: já þú ert vinur minn
Trallalala
B: og þú ert vinur minn, G: já ég er vinur þinn
Trallalalala
hönd í hönd við saman göngum
Trallalala
best það er á göngum löngum
Trallalalala

Við erum vinir og gerum þetta saman
Trallalala
Bestu vinir tveir sem ætla hafa gaman
Trallalalala
tveir við erum leitarflokkur
Trallalala
höfum trú á sjálfum okkur
Trallalalala



Bangsímon og Grislingur eru hérna saman
Trallalallalaallllaalla
Gengu fjöll og það var rosa gaman
Trallalallalaallllaalla
Máttum aldrei hætt'að reyna
Trallalallalaallllaalla
Fundum marga jólasveina
Trallalallalaallllaalla

Fengum frá þeim - marga flotta pakka
Trallalallalaallllaalla
Fyrir þá við viljum - jólasveinum þakka
Trallalallalaallllaalla
Hátíð ríkir heims um bólin
Trallalallalaallllaalla
Ég og þú og Gleðileg jólin
Trallalallalaallllaalla



Jólakötturinn

Þið kannist við jólaköttinn
sá köttur var gríðarstór
fólk vissi´ekki hvaðan ég kom
eða hvert ég fór

Kamparnir beittir sem broddar
upp úr bakinu kryppan há
og klærnar á loðinni löpp
var ljótt að sjá

Ef mjálmað var aumlega úti
var ólukkan samstundis vís
allir vissu´að ég veiddi menn
en vildi ekki mýs

Ég lagðist á fátæka fólkið
sem fékk enga nýja spjör
fyrir jólin, og baslaði og bjó
við bágustu kjör

Frá því tók ég ætíð í einu
allann þess jólamat
og át það svo oftast sjálft
ef ég mögulega gat



Afturgangan

Ég heiti Jón og árið átjánhundruð
Fór ég uppá fjall að stela kindum
Villtist í þokunni og ratað'ekki heim
Síðan þá ráfa hér á fjöllum
Gaman er að hræða aðra
Verst hvað fáir trú'á mig
Gaman er að hræða aðra
Verst hvað fáir trú'á mig





Álfurinn

Segja vil ég sögu
af sveinunum þeim,
sem brugðu sér hér forðum
á bæina heim.

Grýla var þeirra móðir
og gaf þeim tröllamjólk,
en pabbinn Leppalúði,
það var leiðindafólk.


Stekkjastaur kom fyrstur Hann var alltaf þyrstur
Giljagaur var annar Klífur fjöll og kannar
Stúfur hann er næstur En hann er ekki hæstur
Þvörusleikir fjórði Hann var mikið mjórri
Pottaskefill númer fimm Einn, tveir, þrír, fjórir, fimm dimmalimm
Huuuuu
Askasleikir er númer sex Hann hámar í sig mjólkurkex
Sjöundi var Hurðaskellir Grýl'og Leppalúða fellir
Skyrgámur er númer átta Hann fer alltaf snemm'að hátta
Níundi er Bjúgnakrækir Í pakkaböndum sig alltaf flækir
Huuuuu
Síðan var það Gluggagægir Pússar glugga og líka fægir
Svo sjái þið Gáttaþef Með sitt risa stóra nef
Kjötkrókur hann tólfti er Á Þorláksmessu af stað hann fer
Síðastur er Kertasníkir Þá glens og gleði i bænum ríkir
Huuuuu








Finndu 5 villur











Tengdu punktana





Orðarugl

F	R	O	L	S	N	Đ	P	V	A	R	M	Í	E	L	Þ	O	R	J	Ó	P	T	G
Á	K	K	D	H	U	N	A	N	G	B	U	R	S	T	O	E	J	E	N	S	R	F
T	Y	I	A	I	V	B	K	M	O	N	G	Ó	Đ	U	R	T	Ö	V	I	N	I	R
L	U	F	S	R	É	N	K	N	Đ	F	G	R	O	P	L	E	L	M	I	V	T	E
O	R	E	T	I	Í	I	I	P	N	J	R	G	U	L	Á	N	I	J	A	A	P	Y
P	S	G	Ú	S	F	B	A	N	G	S	Í	M	O	N	K	N	L	Æ	F	R	N	V
A	F	B	R	É	G	K	S	N	V	E	S	R	B	Á	S	U	K	A	T	S	Í	A
P	S	L	F	Ý	E	R	Í	T	A	N	L	K	T	L	M	Á	L	F	U	R	L	N
E	T	A	J	Ó	L	R	A	U	Đ	D	I	E	N	L	E	E	M	Y	R	Á	G	G
Y	Ú	X	H	U	Ú	A	Þ	A	H	B	N	Í	P	I	S	O	N	K	G	U	Đ	S
S	T	Ú	F	U	R	N	R	N	É	T	G	N	N	P	S	E	M	Þ	A	P	É	L
A	U	R	Í	B	K	D	R	A	U	G	U	R	G	B	A	P	L	R	N	H	S	E
Þ	R	Æ	S	K	Ó	R	A	M	E	L	R	U	R	D	U	L	Æ	T	G	I	K	I
Ó	A	S	L	S	G	K	H	F	D	A	V	E	Á	M	N	T	Ú	T	A	Đ	R	K
D	U	V	A	S	A	L	J	Ó	S	P	Í	G	Đ	R	U	K	Y	Đ	S	F	A	H
I	Đ	A	N	Ö	N	N	L	U	O	R	G	D	F	R	V	M	T	A	I	D	U	Ú
H	U	N	D	R	A	Đ	E	K	R	U	S	K	Ó	G	U	R	I	B	M	J	T	S

BANGSÍMON
GRÍSLINGUR
ÍSLAND
VASALJÓS
GRÝLA
ÞORLÁKSMESSA
LOPAPEYSA
AFTURGANGA
ÁLFUR
HUNANG
STÚFUR
LEPPALÚÐI
DRAUGUR
PAKKI
SKÓR
GÓÐUR
VINIR
KISI
JÓL

Í appinu getur þú:

- Sparað í appi
- Keypt og selt verðbréf
- Fryst og opnað greiðslukort
- Séð Aukakrónur





Aðalbjörg



Alexandra



Anna Kristjana



Anna María



Björgvin



Björn



Eiríkur



Einar



Elín



Eyþór



Freysteinn



Guðný



Guðrún



Gunnar



Hafdís



Hafþór



Hallur



Baddi



Jóhanna



Jón Friðrik



Jónas



Kristbjörn



Oddur



Rakel



Reynir



Sveindís



Sveinn Brimar



Vilhjálmur

Bangsímon:	Sveinn Brimar Jónsson
Grislingur:	Alexandra Guðný B. Haraldsdóttir
Afturganga:	Hallur Örn Guðjónsson
Álfur:	Eyþór Daði Eyþórsson
Jólaköttur:	Freysteinn Sverrisson
Stúfur:	Kristbjörn Steinarsson
Sögumaður:	Jón Friðrik Benónýsson
Píanó:	Reynir Schiöth
Bassi:	Gunnar Möller
Gítar og ásláttur:	Hafþór Önundarson
Leikstjóri:	Jóhanna Sigurbjörg Ingólfsdóttir
Aðstoðarleikstjóri:	Sveindís María Sveinsdóttir
Leikmunir og leikmynd:	Guðrún Elva Lárusdóttir
Búningar:	Guðný Kristinsdóttir
Förðun:	Elín Gunnarsdóttir
Ljós og hljóð:	Baddi Ingimarsson
Tækniaðstoð:	Einar Örn Gíslason
Tæknikeyrsla:	Oddur Atli Reykjalín Guðmundsson
Leikskrá:	Anna Kristjana Helgadóttir
Teiknari:	Alexandra Guðný B. Haraldsdóttir
Ljósmyndun:	Anna María Hjálmarsdóttir
	Björgvin Kolbeinsson
Hvíslari:	Hafdís Björg Bjarnadóttir
Prentun leikskrár:	Hermann Arason
Sýningarstjóri:	Eyþór Daði Eyþórsson
Miðaafrifari:	Jónas Gunnarsson
Aðstoð:	Karen Ósk Kristjánsdóttir
	Júlí Sól Sævarsdóttir
Sérlega sérstakar þakkir:	Hjónin í Kristnesi, þau
	Helgi Þórsson sérlegur trjásmiður og
	Beate Stormo álfa búninga hönnuður
Sérstakar þakkir:	Hertex
	Polynorth
Höfundur:	Jóhanna Sigurbjörg Ingólfsdóttir
Höfundur tónlistar:	Eiríkur Bóasson
Höfundur lagatexta:	Jóhanna Sigurbjörg Ingólfsdóttir
	Sveindís María Sveinsdóttir
	Jóhannes úr Kötlum

Stjórn Freyvangsleikhússins

Formaður:	Jóhanna Sigurbjörg Ingólfsdóttir
Varaformaður:	Aðalbjörg Þórólfsdóttir
Gjaldkeri:	Björn Hreinsson
Ritari:	Vilhjálmur Árnason
Meðstjórnandi:	Eyþór Daði Eyþórsson
Varastjórn:	Gunnar Möller
	Rakel Hinriksdóttir
	Jón Friðrik Benónýsson





LÍFLAND

Hjartað í íslenskum landbúnaði

Bústólpi



bustolpi@bustolpi.is • Sími 460 3350 • www.bustolpi.is